

sent hingað þingsvitni og aðrar fleiri skýrslur viðvíkjandi hval, er unninn var 16. maí s. 5
 á. í ísvök fram undan landi þjóðjarðarinnar Höfðahóla í Vindhælishreppi og var rekinn 20. jan.
 þar upp að landi og festur með festum, sem færðar voru á land; var hvalnum síðan
 skipt þannig, að þeir menn, er unnu hann, tóku til sín tvo þriðjunga hans, en leigulið-
 ar þjóðjarðarinnar Höfðahóla köstuðu eign sinni á einn þriðjung, sem eftir skýrslu þeirra
 nam 656 kr. 85 a. að öllum kostnaði og skurðarhlut frádregnum. Hafið þjer, herra amt-
 maður, látið það álit yðar í ljósi, að landeiganda, sem hjer er landssjóður, en ekki leigu-
 liðunum beri þriðjungur hvalsins eftir Jónsbókar rekabálki, 8. kap., og hafið þjer því
 lagt það til, að höfðað verði mál gegn nefndum leiguliðum af hendi landsjóðsins og þess
 krafizt, að þeir láti af hendi þann þriðjung hvalsins, sem þeir hafa tekið undir sig,
 eða nettó-andvirði hans eftir framlögðum reikningum, svo og að þeir borgi allan kostnað
 af málsókninni.

Með því að jeg eftir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verð að
 fallast á skoðun þá, er þjer, herra amtmaður, þannig hafið látið í ljósi, fel jeg yður á
 hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að mál verði höfðað gegn leiguliðunum á
 Höfðahólum á þann hátt, sem þjer hafið lagt til.

Brjef landshöfðingja til prestsins síra Jóns Bjarnasonar á Seyðisfirði um skil 6
 fyrir eptirlaunum uppgjafaprests af brauði. — Í brjefi dagsettu 3. ágúst 1881 hafið 26. jan.
 þjer sent stiptsyfirvöldunum, í umboði föður yðar, uppgjafaprestsins í Stafafellsprestakalli
 Bjarnar Sveinssonar, skýrslu um tekjur nefnds prestakalls fardagaárið 1880—81, og jafn-
 framt um það, hve mikið hann hefði fengið af eptirlaunum sínum af prestakallinu það
 ár hjá prestinum Páli Pálssyni í Þingmúla, sem þá var prestur í Stafafellsprestakalli og
 innheimti allar tekjur þess; taldist yður svo til, að faðir yðar ætti þá inni hjá honum
 óborgað af eptirlaunum sínum 184 kr. 10 a. og óskuduð þjer, að stiptsyfirvöldin vildu
 sjá svo til, að föður yðar yrði fljótt og vel greidd skuld þessi. Eftir að stiptsyfirvöldin
 höfðu nú leitað skýrslna þeirra um þetta mál, er þeim þótti við eiga, ákváðu þau í
 brjefi dagsettu 23. sept. 1882 til prófastsins í Suður-Múlasýslu, að Páli presti bæri að
 gjalda föður yðar 92 kr. 66 a., því þeim taldist svo til, að skuldin væri eigi meiri en
 þetta.

Undan þessum úrskurði stiptsyfirvaldanna hafið þjer nú með brjefi dags. 26. okt.
 f. á. borið yður upp við landshöfðingja og reynt til að sýna, að skuld föður yðar hjá
 Páli presti væri í raun og veru 184 kr. 10 a. en ekki 92 kr. 66 a., eins og stiptsyfir-
 völdin hefðu álitid, og hefir yður og fundizt aðferð Páls prests og stiptsyfirvaldanna
 í þessu máli ekki sem hún hefði átt að vera.

Landshöfðingi getur nú auðsjáanlega ekki með neinum lagakrapti skorið úr því,
 hvað skuld föður yðar hjá Páli presti sje stór, heldur er það eftir atvikum dómstólanna,
 og verður því faðir yðar að halda sjer til þeirra, ef hann eigi vill hlíta úrskurði stipts-
 yfirvaldanna, eða hann og Páll prestur eigi geta sætt á málið.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ofheimt 7
 spítalagjald og aðflutningsgjald. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. 3. febr.
 ritað mjer þannig:

«Í brjefi dagsettu 10. febrúar þ. á. ritaði jeg yður um nokkrar fjárgreiðslur, er